

Re: Kynning skipulags- og matslýsingar vegna deiliskipulags Fiskeldið Haukamýri

Búið til	23.3.2022 16:27:18
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	23.3.2022 16:27:17
Tilheyrir	202202-0040 - Deiliskipulag fyrir Fiskeldið Haukamýri í Norðurþingi

Efni

Re: Kynning skipulags- og matslýsingar vegna deiliskipulags Fiskeldið Haukamýri

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	23.3.2022 16:27:17	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	sigurdis@nordurthing.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202202-0040 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings, dags. 25. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu vegna gerðar nýs deiliskipulags fyrir Fiskeldið Haukamýri.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulags- og matslýsinguna og telur að í henni komi fram það sem þurfi í skipulags- og matslýsingu deiliskipulags.

Svæðið er að stórum hluta raskað vegna núverandi starfsemi og nálægðar við þéttbýli. Þó er gert ráð fyrir að stækkun fiskeldis nái yfir gróið svæði austan við núverandi athafnasvæði sem er samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar að mestu graslendi með votlendisblettum. Að mati Náttúrufræðistofnunar mætti gera betri úttekt á gróðurfari svæðisins og í leiðinni meta hvort svæðið sé nýtt fyrir varp mófugla. Mikilvægt er að forðast óþarfa rask á gróðurlendi. Vestan og sunnan við núverandi athafnasvæði er lúpína ríkjandi. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti að horfa frekar til þess svæðis þegar uppbyggingarreitir eru skilgreindir.

Gera má ráð fyrir að stækkun fiskeldisins muni fela í sér áskoranir fyrir frárennslis- og úrgangsmál. Huga þarf vel að því atriði og meta áhrif á lífríki í viðtaka. Einnig má gera ráð fyrir að fuglar sæki í frárennslis í vaxandi mæli en töluvert er um ásókn fugla í svæðið í dag. Ef þörf er á aðgerðum til að fæla burt fuglalíf skal velja aðgerðir sem ógna ekki fuglunum.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari ábendingar á þessu stigi en áskilur sér rétt að athugasemdum á síðari stigum deiliskipulagsvinnunnar.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Sigurdís Sveinbjörnsdóttir" <sigurdis@nordurthing.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Kynning skipulags- og matslýsingar vegna deiliskipulags Fiskeldið Haukamýri

Date: 25.2.2022 10:14:11

Góðan dag

Óskað er eftir umsögn við skipulags- og matslýsingu vegna gerðar nýs deiliskipulags fyrir Fiskeldið Haukamýri í Norðurþingi- sjá fylgiskjöl.

Athugasemdir/umsagnir óskast sendar til skrifstofu Norðurþings að Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík og/eða í tölvupósti á netfangið nordurthing@nordurthing.is (<mailto:nordurthing@nordurthing.is>) fyrir 25. mars 2022.

Fylgiskjöl

1. Kynning skipulags- og matslýsingar Fiskeldið Haukamýri
2. Skipulags- og matslýsing Fiskeldið Haukamýri dags. 10.02 2022

Kveðja

Sigurdís Sveinbjörnsdóttir

Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa

Stjórnsýsluhúsi Norðurbings | Ketilsbraut 7-9 | 640 Húsavík | sími: 464-6100

Um ábyrgð á tölvupósti/email disclaimer (<https://www.nordurthing.is/static/files/disclaimer.pdf>)

Viðhengi

image001.png (5 KB)